

Stjórnarfundur FKA #2

Starfsár: 2023-2024

Staður: Borgartún 35

Dagsetning: 11.08.2023

Tími: 12:00 – 13:30

Mættar: Andrea Ýr Jónsdóttir (ÁYJ), Dóra Eyland (DE), Erla Björg Eyjólfsdóttir (EBE), Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir (GHJ), Guðrún Gunnarsdóttir (GG), Grace Achieng (GA), Helga Björg Steinþórsdóttir (HBS), Inga Salóme Sigurðardóttir (ISS), Unnur Elva Arnardóttir (UEA) ásamt framkvæmdarstjóra FKA, Andreu Róberts (AR).

Forföll boðuðu: Bergrún Lilja Sigurjónsdóttir (BLS)

Dagskrá fundar:

12:00-12:10	1	Opnun - einn stuttur hringur (GG) Farið var hringinn og hver stjórnarkona sagði frá verkefnum sumarsins. Stjórnin er spennt að hefja störf á nýju starfsári.
12:10-12:20	2	Stutt skýrsla framkvæmdastjóra (AR) Framkvæmdastjóri fer yfir helstu verkefni framundan. Fundur í næstu viku varðandi landsbyggðaráðstefnuna. Allar deildir, nefndir og ráð að gera góða hluti og margt spennandi á döfinni.
12:20-12:25	3	Bókhaldið (AR + IS) Fjárhagur stendur vel. Farið var yfir reikning yfir stofnun FKA Austurlands. Aukið var fjármagn til allra landshlutadeilda til uppbyggingar.
12:25-12:40	4	Hlutverkin (UEA + AR) Farið yfir hlutverkaskipan stjórnarkvenna á komandi starfsári. Óskað var eftir skjali með loka útgáfu hlutverka stjórnar í tölvupósti á allar stjórnarkonur.
12:40-12:50	5	Viðburðadagatalið (UEA) Farið yfir viðburði starfsársins.

12:50-12:55	6	Jafnvægisvogin (AR) Mikill gangur í Jafnvægisvoginni. Bryndís Reynisdóttir, verkefnastjóri, og Ásta Dís Óladóttir, formaður, nýlega teknar við.
12:55-13:05	7	Íslandsbanki (GA) Rætt um komandi starfsár og stöðu mála varðandi samstarf Nýrra Íslendinga og Íslandsbanka. Markmið að fá fleiri til að mæta á viðburði. Fræðsludagur á vegum Íslandsbanka um hvernig á að sækja um styrki og því um líkt. Opnunarviðburður Nýrra Íslendinga verður haldinn 6. september í Íslandsbanka. Rætt um að sameina krafta Alþjóðanefndar og Nýrra Íslendinga við skipulag á viðburð á alþjóðadegi kvenna 18. mars svo það séu ekki margir viðburðir á vegum FKA á þeim degi. Fyrirhuguð er ferð í Hveragerði í júní.
13:05-13:10	8	Fundur með Atvinnurekenda AUÐI (UEA + GG + GHJ + AR) Stjórn upplýst um málefni fundar með Atvinnurekenda AUÐI sem var haldinn í júní 2023.
13:10-13:15	9	25 ára afmæli FKA 2024 (UEA) Rætt um verkefni og skipulag 25 ára afmælis FKA sem er 5. apríl 2024. Auglýsa þarf eftir FKA konum í undirbúning á afmælinu. Hugmyndir ræddar eins og hvort eigi að halda afmælisdag eða afmælisár og hversu miklu fjármagni á að eyða.
13:15-13:20	10	Opnunarviðburður FKA (AR) Ekki komin staðsetning og stjórn ræðir hugmyndir um mögulega staði. Stutt í viðburinn en hugmyndin er að halda hann 31. Ágúst 2023. Hver stjórnarkona er beðin um að skoða í kringum sig og athuga hvaða staðsetningar koma til greina og eru lausar þessa dagsetningu.

13:20-13:30	11	Önnur mál a) Samskiptastefna (EB) Farið yfir mikilvægi þess að setja upp samskiptastefnu fyrir FKA. Samskiptastefnan nær yfir öll samskipti innan FKA, líka fyrirspurnir á facebook og tölvupósta. Erla er byrjuð að vinna í þessu og segir það einnig mikilvægt að kynna stefnuna vel fyrir félagskonum. b) Stefnumótun Stjórn ákveður að geyma stefnumótun FKA í bili og leggja áherslu á að klára lög félagsins fyrst. c) Tæknimál félagsins Það þarf að skipa tækniráð og fær framkvæmdastjóri leyfi stjórnar til að skoða félagatal til að finna öflugar félagskonur í það verkefni. Samkvæmt lögum FKA þarf framkvæmdastjóra, fulltrúa stjórnar og þrjár félagskonur til að mynda tækniráð. d) Íslandsbanki Rætt um samstarf FKA og Íslandsbanka í ljósi aðstæðna. Íslandsbanki hefur lengi verið í nánú samstarfi við FKA. Ekki tekin nein formleg ákvörðun að svo stöddu.
-------------	----	---

Fundi slitið klukkan 13:32

Fundargerð ritaði Andrea Ýr Jónsdóttir